

KEILUSKURÐUR OG MEÐGANGA

ICD 10 greiningar:

O34.4 Fyrri keiluskurður

N87.0 Mild cervical dysplasia

N87.1 Moderate cervical dysplasia

N87.2 Severe cervical dysplasia

Keiluskurður er gerður til að fjarlægja frumubreytingar sem greinst hafa í leghálsi. Almennt eru keiluskurðir hér á landi staðlaðir (grunnir, LEEP aðferð) og ef keilan er ≤ 15 mm á dýpt er hætta á fyrirburafæðingu lítil og ekki þörf á sérstöku eftirliti. Í öðrum tilvikum er aðeins aukin hætta á fyrirburafæðingum og fer það eftir stærð og dýpt keilunnar sem var fjarlægð. Í vefjameinafræðisvari er dýpt keilunnar oftast skráð.

- Ef kona hefur fætt fullburða barn (37v) eftir keiluskurð þarf hún ekki viðtal við fæðingalækni eða sérstakt eftirlit
- Ef kona er frumbyrja og hefur farið í staðlaðan keiluskurð er ekki þörf á sérstöku eftirliti
- Ef einhver vafamál eru, svo sem keiluskurður gerður erlendis eða óvissa um eðli keiluskurðar, ætti að leita álits ráðgefandi fæðinga- og kvensjúkdómalæknis/læknis fyrir 16. viku, um hvort þörf er á sérstöku eftirliti

ÁSTÆÐA ER TIL MATS OG SKOÐUNAR HJÁ FÆÐINGALÆKNI EF:

- Kona hefur fætt fyrirbura eftir keiluskurð
- Saga um endurtekna keiluskurði
- Óvenjustór eða óhefðbundinn keiluskurður
- Fjölbura meðgangi eftir keiluskurð

Fáar rannsóknir eru til um hvernig eftirliti er best háttað eftir keiluskurð. Þegar þörf er á mati og skoðun sbr. hér að ofan er almennt mælt er með að mæla legháls með ómun frá 16 vikna meðgöngu og vera vakandi fyrir blæðingu frá leggöngum og einkennum um leggangaþýkingu.

Ef kona fær boð um speglun og sýnatöku á meðgöngu er mælt með ráðgjöf hjá [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana](#)